



Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarráð
Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir

Efni: **Öryggisvistun einstaklinga.**

Forsaga:

Þáverandi félags- og húsnæðismálaráðherra, Eygló Harðardóttir, skipaði samvinnuhóp um sérstaka öryggisvistun fyrir tilgreinda hópa með erindisbréfi þann 22. júní 2015. Markmið hópsins var að tryggja að þjónusta og skipulag samstarfs ríkis og sveitarfélaga við einstaklinga sem þurfa á öryggisvistun/öryggisgæslu að halda verði í samræmi við lög, alþjóðlegar mannréttindaskuldbindingar og alþjóðlega viðurkennd gæðaviðmið.

Reykjavíkurborg tók að sér rekstur öryggisvistunar á grundvelli tímabundins samnings við velferðarráðuneytið (nú félagsmálaráðuneyti) árið 2016 í kjölfar ófremdarástands sem skapast hafði í málaflokknum. Í framhaldinu hafa verið gerðir tímabundnir samningar fyrir árin 2017, 2018 og 2019.

Í dag eru tveir einstaklingar í öryggisvistun í Reykjavík á grundvelli samnings milli borgarinnar og velferðarráðuneytis. Þessir einstaklingar hafa báðir verið dæmdir til öryggisvistunar á grundvelli 62. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Í dómsorði í öðru málinu kemur fram að ákærða væri ekki gerð refsing heldur gert að sæta vistun í sértæku úrræði á vegum Reykjavíkurborgar þar sem honum ber að sæta gæslu allan sólarhringinn, þiggja stuðning á grundvelli fötlunar sinnar og aðra fagaðstoð sem og geðlæknisþjónustu sem talin er æskileg hverju sinni af meðferðaraðilum. Í bréfi ríkissaksóknara, dags. 19. október 2018, til velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og velferðarráðuneytisins var framkvæmd vistunarinnar falin Reykjavíkurborg og velferðarráðuneytinu.

Af hálfu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar voru, með erindi til dómsmálaráðuneytisins, dags. 18. nóvember 2018, gerðar alvarlegar athugasemdir við það að einstaklingar séu dæmdir til vistunar í úrræði á vegum Reykjavíkurborgar. Af hálfu velferðarsviðs kom fram að húsnæði á vegum sveitarfélaga sé veitt íbúum þess á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Því sé eigi um að ræða húsnæði í skilningi almennra

hegningarlaga, en í 62. gr. laganna kemur fram að unnt sé að ákveða, þegar talið er að refsing beri ekki árangur, að einstaklingi sé komið fyrir á viðeigandi hæli. Engin formleg skilgreining er til á því úrræði sem hegningarlögin taka til.

Að mati velferðarsviðs verður að telja að rekstur slíkrar stofnunar sé á sviði refsivörslukerfisins en ekki á hendi sveitarfélaga sem veita þjónustu á grundvelli laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Að mati velferðarsviðs þá hefur reynsla af rekstri slíks úrræðis leitt í ljós að þessi starfsemi samrýmist ekki þeirri þjónustu sem er á hendi sveitarfélaga, til dæmis eru starfsmenn ekki tryggðir á sama hátt og fangaverðir og á engan hátt eðlilegt að einstaklingar afpláni dóma hjá sveitarfélagi.

Rétt er að sett verði sérstök lög um úrræði sem þetta þar sem eðli þess samræmist ekki því inntaki sem felst í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og í lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk. Þá ber að tryggja tilsjónarmann, í samræmi við ákvæði hegningarlaga, svo hagsmuna þessara einstaklinga sé gætt.

Í framhaldi af framangreindu bréfi frá 28. nóvember 2018 var málið rætt á fundi velferðarráðs Reykjavíkurborgar þann 12. desember 2018 þar sem eftirfarandi bókun var samþykkt:

Velferðarráð tekur undir þær alvarlegu athugasemdir sem gerðar eru í bréfi velferðarsviðs til dómsmálaráðuneytisins dags. 28. nóvember sl. vegna dóms sem féll í héraðsdómi Reykjavíkur þar sem ákærða í málinu bar að sæta vistun í sértæku úrræði Reykjavíkurborgar með gæslu allan sólarhringinn. Ljóst er að húsnæði á vegum sveitarfélaga er veitt íbúum þess á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Engin formleg skýring er til á því úrræði sem einstaklingar eru dæmdir til skv. 62 gr. hegningarlaga. Starfshópur var skipaður á árinu 2015 vegna framtíðarskipunar öryggisvistunarmála. Hópurinn skilaði niðurstöðum sínum ári seinna og vakti meðal annars athygli á nauðsyn þess að lög yrðu sett um rekstur slíkrar starfsemi. Velferðarráð útrekar þá afstöðu sína að vistun þeirra einstaklinga sem um ræðir séu óviðunandi án skýrrar réttarheimildar. Ljóst er að rekstur öryggisvistana er á ábyrgð réttarvörslukerfisins en ekki á hendi sveitarfélaga sem sinna þjónustu á grundvelli laga um félagsþjónustu og þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Mikilvægt er að þetta mál verði leyst af hálfu ríkisins sem fyrst.

Greinargerð:

Viðræður velferðarsviðs Reykjavíkurborgar við félagsmálaráðuneytið um úrræði fyrir framangreinda einstaklinga hafa staðið yfir í nokkurn tíma. Af hálfu velferðarsviðs er gert ráð fyrir að þurfa að reka öryggisvistun til nk. áramóta eða í lengsta lagi til 1. júní 2020. Samkvæmt upplýsingum sem fram hafa komið á fundi með félagsmálaráðuneytinu á að liggja fyrir bráðabirgðaúrræði af hálfu ríkisins þann 1. júní 2020 og stefnt að því að lagarammi um þessa starfsemi og

framtíðarfyrirkomulag liggi fyrir. Að mati velferðarsviðs Reykjavíkurborgar er mikilvægt að viðræðum við félagsmálaráðuneytið með aðkomu dómismálaráðuneytis verði haldið áfram og sett verði sérlög um öryggisvistun. Með vísan til framanritaðs var þess farið á leit við dómismálaráðuneytið að hefja viðræður við félagsmálaráðuneytið og Reykjavíkurborg um framtíðarsýn varðandi þetta málefni. Engin svör hafa borist frá dómismálaráðuneytinu í kjölfar erindis velferðarsviðs dags. 28. nóvember 2018 og beiðni um fund með skrifstofustjóra, dags. 3. september 2019.

Samband íslenskra sveitarfélaga sendi þann 12. september 2019 erindi til félagsmálaráðuneytisins með ósk um að málefnið verði tekið til umræðu á næsta reglulega vinnufundi ráðherra og sambandsins.

Í erindinu kemur eftirfarandi fram:

Á þingmálaskrá félags- og barnamálaráðherra vegna 150. löggjafarþings segir m.a.:

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018 (heimildir og hlutverk sérfræðiteymis).

Með frumvarpinu verða lagðar til tilteknar breytingar með tilliti til framkvæmdar laganna, m.a. er varðar heimildir sérfræðingateymis 20. gr. til að vinna með og miðla niðurstöðum sem eru jafnan viðkvæmar persónuupplýsingar. Gert er ráð fyrir að í frumvarpinu verði tillögur að ákvæðum um öryggisgæslu/vistanir þegar um er að ræða slík úrræði gagnvart fötludum einstaklingum og verði hluti af endurskoðun á lagaumhverfi er snýr að öryggisgæslu og öryggisvistunum. (Október).

Samband íslenskra sveitarfélaga gerir veigamikla athugasemd við þá ráðagerð sem hér birtist og snýr að því að lagaheimildir til rekstrar öryggisgæslu- og -vistunarúrræða verði settar í lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Afstaða sveitarfélaga hefur verið alveg skýr hvað það varðar að slíkar heimildir beri að setja í sérlög um þetta efni. Meginrökin fyrir þeirri skipan er að sérstaða þessara úrræða byggist fyrst og fremst á því að um sé að ræða framkvæmd á almennri réttarvörslu í landinu. Samtöl við félagsmálaráðuneytið (og forvera þess) hafa til þessa öll gengið út á að móta beri sérstaka löggjöf að norrænni fyrirmynd með aðkomu dómismálaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins. Sú löggjöf miði við að fela megi sveitarfélögum - á grundvelli þjónustusamnings - að reka þessi úrræði þannig að æskileg samlegð náist fram við félags- þjónustu sveitarfélaga. Sveitarfélögin hafna því hins vegar að rekstur þessara úrræða verði færður yfir á ábyrgð þeirra sem stjórnvalda skv. lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Sérstök áhersla á lögð á að í skýrslu um málefnið sem skilað var 2016 er gengið út frá því að mótuð verði heildstæð stefna stjórnvalda á sviði öryggisvistunar og/eða öryggisgæslu. Þessi vinna hefur aldrei verið unnin og tækifæri til þess að hefja vinnuna raunar verið hunsuð, sbr. að félagsmálaráðuneytið hætti við vinnustofu um málefnið sem boðað var til í upphafi árs.

Að mati sambandsins er það forsenda fyrir því að hefja vinnu við lagaákvæði um öryggisgæslu og -vistanir að heildstæð stefna stjórnvalda (félags-, dóms-, heilbrigðis- og sveitarstjórnarmála) hafi verið mótuð.

Velferðarsvið tekur undir þau sjónarmið sem fram koma hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Á fundi sem starfsmenn velferðarsviðs sátu í félagsmálaráðuneytinu þann 27. september sl. kom skýrt fram að stefnt væri að breytingum á nokkrum lögum þ.e. almennum hegningarlögum, lögræðislögum, lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og lögum um réttindagæslu fatlaðs fólks en ekki væri stefnt að sérögum um öryggisvistun.

Þörf fyrir uppbyggingu sérhæfðrar öryggisvistunar er óumdeild og mikilvægt að vel verði staðið að málum og tryggt að þjónusta og skipulag samstarfs ríkis og sveitarfélaga verði í samræmi við lög, alþjóðlega viðurkenndar mannréttindaskuldbindingar og alþjóðlega viðurkennd gæðaviðmið. Ábyrgð á jafn sérhæfðri starfsemi sem rekstur öryggisvistunar felur í sér, hlýtur ávallt að vera á hendi ríkisins.

Í framhaldi af því sem fram kemur hér að ofan mun Reykjavíkurborg tryggja þeim einstaklingum sem nú dvelja í öryggisvistun, húsnæði og þjónustu út þetta ár og í lengsta lagi til 1. júní nk. enda taki þá ríkisvaldið við þjónustunni. Nýlokið er gerð sammings við félagsmálaráðuneytið um reksturinn fyrir árið 2019 og gert ráð fyrir að samningi fyrir fyrri hluta árs 2020 verði lokið fyrir árslok 2019.

Fylgiskjöl:

Drög að samningum um öryggisvistun fyrir árið 2019

Bréf sviðsstjóra velferðarsviðs til dómsmálaráðuneytisins dags. 28. nóvember 2018

Bréf sviðsstjóra velferðarsviðs til félagsmálaráðuneytisins dags. 31. júlí 2019

Öryggisgæsla og öryggisráðstafanir á Íslandi, lokaskýrsla starfshóps júní 2016